

ORKUSTOFNUN  
Jarðkönnunardeild

ATHUGUN Á GRUNNVATNSSTREYMI Í SELEYRI

- tillaga um vatnsból  
og malartekjusvæði -

eftir

Gest Gíslason

ATHUGUN Á GRUNNVATNSSTREYMI Í SELEYRI

- tillaga um vatnsból  
og malartekjusvæði -

eftir

Gest Gíslason

Í skýrslu Jarðkönnunardeildar vegna athugunar á Seleyri við Borgarfjörð (OSJKD7401) var lagt til, að boraðar yrðu holur til þess að kanna stöðu grunnvatns í eyrinni.

Í byrjun ágúst voru boraðar 7 borðholur og dýpi niður á grunnvatn mælt. Á meðfylgjandi korti eru dregnar jafnhæðarlínur grunnvatnsflatar byggðar á þessum mælingum. Þessar mælingar staðfesta þá hugmynd, sem sett er fram í fyrrnefndri skýrslu, sem segir, að í eyrinni séu tveir grunnvatnsstraumar til sjávar frá sitthvorum gilakjaftinum.

Ef nægt vatn fæst úr borholu, sem boruð væri í vestri grunnvatnsstrauminn mætti taka mól austar á eyrinni án þess að eiga á hættu að spilla vatninu í holunni þar sem grunnvatnið á malartekjusvæðinu tilheyrði öðru grunnvatnskerfi.

Á kortinu er sýnt það svæði, þar sem taka mætti mól. Þetta svæði er heldur minna en það, sem Vegagerð ríkisins hafði í huga.

Boranirnar sýna hins vegar, að þykkt malar yfir grunnvatni er allveruleg, og mætti ugglaut ná þeirri mól, sem þarf, á því svæði sem merkt er á kortinu.







Tillaga Jarðkönnunardeildar er sú, að boruð verði neysluvatns-hola nærri holu 6 (P 6), og gera á henni dæluprófun. Ef þar má fá nægjanlegt vatnsmagn fyrir Borgarnes og a.m.k. jafnmikið og í núverandi neysluholu, ætti að vera óhætt að taka mól á því svæði, sem afmarkað er á meðfylgjandi korti. Þá er eindregið ráðlagt, að haga öllum framkvæmdum á væntanlegu malartekjusvæði með gát. Þannig ætti öll meðferð olíu að fara fram neðst á eyrinni.

Ef svo vel tekst til, að grunnvatn spillist ekki, má nýta áfram þar borholur, sem nú eru nýttar.

Til þess að gera borun ódýrari er ráð að grafa brunn með gröfu svo djúpt sem hægt er, og setja í hann víð rör, t.d. eins og notuð eru í vegaræsi. Leita verður til Jarðborana ríkisins varðandi borunina sjálfa, en Jarðkönnunardeild staðsetur borholuna.

Þá væri mjög æskilegt að fylgjast með stöðu grunnvatnsins í vetur og er Jarðkönnunardeild Orkustofnunar reiðubúin að taka það að sér.

# SKÝRINGAR

-  Gömul borhola
-  Ný borhoja
-  Jafnhæðarlína grunnv. flatar
-  Grunnvatnsstraumur
-  Mögulegt malartekjusvæði
-  Kjarr

